

Ed.

928. Frumvarp til laga

[500. mál]

um gjald af innfluttum fódurblöndum og hráefni í fódurblöndur.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Á tímabilinu 1. júní 1985 til 31. desember 1985 skal innheimta við tollafgreiðslu sérstakt gjald af fullunnum fódurblöndum og hráefni í fódurblöndur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10.01.10	11.01.22	23.04.20
10.01.20	11.02.21	23.04.30
10.02.00	11.02.29	23.04.40
10.03.00	11.02.39	23.04.50
10.04.00	17.03.01	23.04.60
10.05.00	23.02.10	23.04.70
10.07.10	23.02.20	23.04.80
10.07.20	23.02.30	23.04.90
10.07.30	23.03.00	23.06.00
11.01.21	23.04.10	23.07.00

Gjald skal nema 4 kr. af hverju kílógrammi.

Undanskilin gjaldtöku eru fódursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fódur sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í 5 kg smásöluumbúðum eða minni og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis.

2. gr.

Um gjald skv. 1. gr. skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., og laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með áorðnum breytingum.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð eða öðrum fyrir- mælum um framkvæmd gjaldtöku skv. 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlögum fyrir árið 1985 eru tekjur ríkissjóðs af kjarnfóðurgjaldi áætlaðar 100 m.kr. Sérstakt gjald til ríkissjóðs af fullunnum fódurblöndum og hráefni í fódurblöndur var lagt á með lögum nr. 43/1984 en gjaldtakan var bundin við tímabilið 1. júní — 31. desember 1984.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við ákvæði fjárlaga og er að efni til hið sama og lagaákvæðin um gjald af fódurblöndum er giltu á s. l. ári. Gjald á hvert kílógramm er þó hækkað úr 1,30 kr. í 4 kr.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að á tímabilinu 1. júní—31. desember 1985 verði sérstakt gjald lagt á fullunnar fódurblöndur og hráefni í fódurblöndur. Tollskrárnúmer sem upp eru talin í 1. gr.

eru þau sömu og talin eru í reglugerð nr. 465/1983 og fylgt er við innheimtu kjarnfóðurgjalds. Þau eru og hin sömu og talin voru í lögum nr. 43/1984.

Um 2. gr.

Þar sem hér er um innflutningsgjald að ræða þykir rétt að vísa til ákvæða laga um tollskrá og tollheimtu og tolleftirlit um framkvæmd gjaldtökunnar og eftirlit með innflutningi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.